

## **Erindi til skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurþings.**

**Sent 7.8.2024 Tónleikahelgi á Raufarhöfn.**

Laugardaginn 7. September næstkomandi verða risatónleikar í Heimskautsgerðinu á Raufarhöfn, reiknað er með allt að 1200 gestum og er ljóst að sú veitingaþjónusta sem í dag er á Raufarhöfn annar ekki þeim fjölda. Undafarin misseri hafa verkefnisstjórnar (Nanna Höskuldsdóttir og Axel Árnason) unnið að því að fá aðila til að vera með veitingasölu þessa helgi.

Við höfum sett það í hendurnar á aðilunum sjálfum að sækja sér tilskilin leyfi en til að greiða leið þeirra kemur erindi þetta frá undirrituðum og er óskað eftir yfirlýsingu frá Norðurþingi vegna málsins, sem mun þá eiga við alla þá aðila sem sækja um leyfi hér eftir.

Með umsóknum um veitingasölu til Matvælaeftirlits Norðurlands þarf að fylgja **yfirlýsing frá Norðurþingi um að leyfilegt sé að staðsetja matarvagna á svæðinu í kringum Heimskautsgerðið sem og möguleika á öðrum stöðum í þorpinu helgina 6-8 september 2024**

Nanna Steina Höskuldsdóttir  
Atvinnu- og samfélagsfulltrúi á Raufarhöfn

-